

til greina að líta þannig á, að vitnið hafi með framangreindum samningi 1. júní s. l. afsalað eign, sem hann átti ekki. Af hálfu stefndu er þessu mótmælt, og var atriði þetta lagt í úrskurð á bæjarþingi hér 12. þ. m.

Samkvæmt 127. gr. einkamálalaganna getur dómari synjað að láta vitni staðfesta framburð sinn, ef vitni er svo við mál riðið, að svar við vitnaspurningu fyrirsjáanlega veldur vitni verulegu fjárhagstjóni, alvarlegu óhagræði eða siðferðilegum hnekki. Vitni það, sem hér um ræðir, seldi stefnda fyrirtæki það, sem deilt er um eignarrétt að í máli þessu, og stefndu telja sig einkaeigendur fyrirtækisins í krafti þessarar sölu. Þykja því úrslit máls þessa skipta vitnið svo miklu fjárhagslega og siðferðilega, að rétt sé að synja því um að staðfesta framburð sinn með eiði.

Því úrskurðast:

Kröfu stefndu um, að vitnið Vigfús Þ. Jónsson staðfesti framburð sinn, er synjað.

Miðvikudaginn 22. janúar 1947.

Kærumálið nr. 3/1947. Þorleifur Sigurbjörnsson og Skarphéðinn Halldórsson

gegn

Ingimundi Jónssyni.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ágreiningur um eiðfestingu vitnis.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa með bréfi 21. des. f. á. kært til hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Akureyrar 16. s. m., þar sem vitninu Jóni Sveinssyni héraðsdómslögmanni er heimilað að staðfesta með eiði framburð sinn í máli varnaraðilja gegn sóknaraðiljum. Barst hæstarétti kæran 9. þ. m.

Sóknaraðiljar, sem ekki hafa sent hæstarétti greinargerð, krefjast þess í ofangreindu bréfi, að hinn kærði úrskurður

verði úr gildi felldur og nefndu vitni verði synjað þess að staðfesta framburð sinn með eiði.

Hæstarétti hefur ekki borizt greinargerð frá varnaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þar sem varnaraðili hefur engar kröfur gert, fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 16. desember 1946.

Í máli þessu gerir stefnandi, Ingimundur Jónsson, iðnaðarmaður á Akureyri, þær aðalkröfur, að stefndu, þeir Skarphéðinn Halldórs-son skrifstofumaður, Hólabraut 20, og Þorleifur Sigurbjörnsson bifreiðarstjóri, Glerárgötu 3, báðir á Akureyri, verði dæmdir til að viðurkenna eignarrétt stefnanda að $\frac{1}{3}$ hluta efnalaugarinnar Skírnis á Akureyri og til þess að greiða in solidum bætur fyrir atvinnu-spjöll og tapaðan ágóða, kr. 3000.00 á mánuði, ásamt vöxtum frá útgáfudegi sáttakæru til þess tíma, að hann fær eignarrétt sinn viðurkenndan, og málskostnað að skaðlausu. Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að úrslit málsins verði látin velta á aðildareiði hans. Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Efnalaugin Skírnir var stofnsett um áramótin 1943—44. Stofnendur voru þeir Vigfús Þ. Jónsson stórkaupmaður og stefnandi. Samningur milli þeirra var ekki skriflegur, og ber þeim á milli um efni hans. Með samningi, dags. 1. júní 1946, seldi Vigfús stofnfé sitt í fyrirtækinu stefndu í máli þessu. Kom síðan til ágreinings milli aðilja máls þessa um réttarstöðu þeirra gagnvart greindri efnalaug. Stefndu telja sig einkaeigendur fyrirtækisins og krefjast sýknu á þeim grundvelli. Halda þeir því fram, að stefnandi hafi einungis átt að fá ágóðahlut til jafns við hvorn þeirra að fyrirtækinu, en hafi aldrei öðlazzt eignarrétt að neinum hluta þess. Vigfús Þ. Jónsson hefur verið leiddur sem vitni í málinu og segir í vitnaskýrslu sinni, að meiningin hafi verið, að stefnandi yrði með-eigandi, jafnskjótt og hann legði fram stofnfé, og hafi hann raunar átt að gera það, þegar efnalaugin tæki til starfa. Vitnið lagði fram stofnfé, en átti að fá helming þess endurgreiddan frá stefnanda. Hins vegar hafi stefnandi aldrei lagt fram neitt stofnfé og því aldrei öðlazzt eignarrétt að fyrirtækinu eða neinum hluta þess.

Jón Sveinsson skattdómari hefur og verið leiddur sem vitni í málinu. Skýrir hann svo frá, að hann hafi marg oft heyrt Vigfús

lýsa því yfir, eftir að fyrirtækið var stofnað og þar til hann seldi það, að stefnandi máls þessa væri meðeigandi hans að jöfnu, en hins vegar hafi Vigfús sagzt hafa lagt meira fé til fyrirtækisins heldur en Ingimundur og hafi Ingimundur eða fyrirtækið átt að endurgreiða það. Vitnið Vigfús Jónsson hefur viðurkennt, að vel geti verið, að hann hafi hagað þannig orðum við Jón Sveinsson, að Ingimundur væri meðeigandi hans, fyrst framan af, þegar hann bjóst við, að Ingimundur yrði meðeigandi.

Af hálfu stefnanda hefur verið gerð sú krafa, að vitnið Jón Sveinsson staðfesti skýrslu sína með eiði, en umboðsmaður stefndu hefur mótmælt því, að hann fengi það vegna hagsmunaafstöðu sinnar til málsins. Lögðu umboðsmenn aðilja atriði þetta í úrskurð á bæjarþingi 12. þ. m.

Það er upplýst, að málflutningsmaður stefnanda og vitnið reka málflutningsskrifstofu í félagi. Þykja þó hagsmunir vitnisins af máli þessu ekki það verulegir né afstaða vitnisins til málsins slík, að heimilt sé samkvæmt 127. gr. sbr. 125. gr. einkamálalaganna að synja kröfu stefnanda um, að vitnið fái að staðfesta skýrslu sína.

Því úrskurðast:

Vitninu Jóni Sveinssyni er rétt að staðfesta skýrslu sína með eiði.

Föstudaginn 24. janúar 1947.

Nr. 135/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Sturlaugi Friðrikssyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlöggjöf.

Dómur hæstaréttar.

Auk þeirra refsíákvæða, sem í héraðsdómi greinir, hefur ákærði gerzt sekur við 7. gr. 1. mgr. i. f. umferðarlaga nr. 24/1941. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skirskotun til forsendna hans, þó þannig, að refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Svo ber að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár.